

## Námskeið fyrir eldri borgara

**Málsaðili** : Fræðslumiðstöð Vestfjarða  
**Tengiliður** :  
**Dagsetning** : 09.10.2017  
**Númer** : 2017060043  
**Flokkur** : 02.00 Félagsþjónusta almennt

**Efni** : Á 418. fundi félagsmálanefndar Ísafjarðarbæjar voru lögð fram erindi frá öldungaráði Ísafjarðarbæjar og Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða sem bæði vörðuðu aðkomu Ísafjarðarbæjar að niðurgreiðslu á námskeiðum fyrir eldri borgara sem hættir eru þátttöku á vinnumarkaði.  
Félagsmálanefnd fól þá starfsmönnum að vinna að frekari framgangi málsins með öldungaráði og Fræðslumiðstöðinni.

Á 419. fundi félagsmálanefndar var aftur fjallað um málið og lagði nefndin til við bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að hún samþykkti að leitað yrði leiða til að styrkja tekjulága aldraða einstaklinga til þátttöku í námskeiðum innan sveitarfélagsins.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar fjallaði um málið á 987. fundi sínum og óskaði eftir frekari kostnaðarupplýsingum.

Tillaga fjölskyldusviðs er að farið verði með styrki vegna niðurgreiðslu á námskeiðskostnaði eins og önnur félagsleg úrræði, og um leið er tekin sú afstaða að styrkja tekjulága aldraða einstaklinga. Þá verði grein um niðurgreiðslu á kostnaði eldri borgara við námskeiðspáttöku bætt við reglur Ísafjarðarbæjar um fjárhagsaðstoð. Áætlaður kostnaður á árinu 2018 er kr. 100.000,- og er lagt til að liðurinn 02-110-9161 verði hækkaður sem því nemur.

Virðingarfyllst  
Sædís María Jónatansdóttir